



Leiðbeiningar um gerð skilmálateikningar

Fylgiskjal með umsóknum um byggingarleyfi í hverfum þar sem deiliskipulag liggur fyrir

1. Skilmálateikning með umsókn um byggingarleyfi

Með umsókn um byggingarleyfi þarf auk aðalteikninga að fylgja sérstök teikning í blaðstærð A-2 eða A-1 og í mælikvarða 1:100 eða 1:200, merkt **SKILMÁLATEIKNING**.

Skilmálateikningu er ætlað að hjálpa hönnuðum að vera innan skilmála.

Á teikninguna skal færa inn lóðarmynd, byggingarreiti og í hann felld grunnmynd hússins þannig að það komi skýrt fram að hús sé innan byggingarreits.

Færa skal á teikninguna hámarkshæðir og lágmarkshæðir (vegghæðir/mænishæðir) sem hæðarramma skv. skilmálum og fella allar útlitsmyndir inn í hæðarrammann þannig að það komi skýrt fram hvort hús sé innan hæðarviðmiðunar skilmála eða ekki.

Aðalteikningin fær hina lögformlegu umfjöllun en skilmálateikningin er skilgreind sem fylgiskjal til nánari skýringa og má vera í einriti.

2. Frávik frá skilmálum

Ef um frávik frá skilmálum er að ræða (hús fer út úr byggingarreit eða upp úr hæðarramma) þarf teikningin fyrst að hljóta afgreiðslu skipulagsnefndar.